

**Minnisblað vegna fyrirspurnar um tilkynningaeyðublað skv. 19. gr. frumvarps til laga um Landhelgisgæslu Íslands**

**Greinin hljóðar svo:**

Tilkynningar frá farartækjum á sjó sem Landhelgisgæslu Íslands er falið að taka á móti skulu berast á þar til gerðu eyðublaði. Þar skulu koma fram allar upplýsingar sem stjórnendum farartækja á sjó eða útgerðum þeirra er skylt að veita.

Landhelgisgæslu Íslands er heimilt að veita öðrum opinberum stofnunum upplýsingar um farartæki á sjó vegna lögboðins eftirlits þeirra. Einnig er heimilt að veita erlendum ríkjum upplýsingar um farartæki á sjó í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland hefur gert.

Heimilt er að nýta allar upplýsingar um farartæki á sjó sem berast stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands til björgunarstarfa, fiskveiðieftirlits, löggæslustarfa og annars eftirlits á vegum ríkisins.

**Greinargerð með ákvæðinu hljóðar svo:**

Með greininni er LHG gert kleift að einfalda móttöku tilkynninga frá skipum með því að hafa eitt rafrænt tilkynningarform sem dómsmálaráðherra samþykkir. Er það í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 6/2002 frá 18. febrúar 2002, um kröfur til tilkynninga skipa sem sigla inn í höfn eða frá höfn í aðildarlöndum sambandsins, og reglugerð nr. 869/2004, um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Tilgangurinn með reglugerðinni er að einfalda hlutina fyrir skipstjóra sem sigla að eða frá landinu og er einnig gerð krafa um slíka einföldun í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

Nauðsynlegt er að kveða á um til hvers má nota þær upplýsingar sem aflað er með fjareftirliti og tilkynningum skipa. Skv. 3. og 4. mgr. er heimilt að veita öðrum opinberum stofnunum upplýsingar vegna eftirlits og LHG er heimilt að nýta upplýsingarnar til fiskveiðieftirlits og björgunarstarfa og annars eftirlits á vegum ríkisins.

**Svör við athugasemdum Sigurðar Kára Kristjánssonar alþingismanns f. allsherjarnefnd:**

Ef ég hef skilið Sigurð rétt, þá taldi hann að reglugerðin, þ.e. nr. 869/2004, um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, ætti ekkert skylt við það sem við erum að óska eftir með þessu tilkynningaeyðublaði í 19. gr. Hann hafði einnig efasemdir um að það tilkynningaeyðublað sem nú er notað sé nægilega einfalt, það geti jafnvel fælt skipstjóra frá því að koma til Íslands og kaupa hér vistir og þjónustu.

Landhelgisgæslan útbjó á sínum tíma tilkynningaeyðublað þar sem reynt var að safna saman öllum kröfum um upplýsingar sem yfirvöld óskuðu eftir. Þar voru upplýsingar sem tollayfirvöld óskuðu eftir (fjármálaráðuneytið), Landhelgisgæslan og Fiskistofa vegna fiskveiðieftirlits (sjávarútvegsráðuneytið), kröfur um tilkynningar vegna landamæraeftirlits/Schengen (dómsmálaráðuneytið), Siglingastofnun vegna laga og reglna um siglingar og eftirlit með skipum (samgönguráðuneytið), vemdardarfulltrúar hafna vegna laga um Siglingavernd nr. 50/2004 og hafnarreglugerða (samgönguráðuneytið), umhverfisstofnun vegna mengunar og mengunarhættu (umhverfisráðuneytið) og landlæknir vegna alvarlegra smitsjúkdóma um borð í skipum (heilbrigðisráðuneytið). Síðan hefur Landhelgisgæslan getað notað allar þessar tilkynningar til að skipuleggja sitt eftirlit og bregðast við hættuástandi úti á sjó.

Er reglugerð nr. 869/2004 var í smíðum, vegna krafna frá Evrópusambandinu, voru fulltrúar Landhelgisgæslunnar kallaðir á fund í fjármálaráðuneytinu ásamt fleiri hagsmunaaðilum. Niðurstaðan af viðræðum í ráðuneytinu var sú að tilkynningaeyðublað Landhelgisgæslunnar uppfyllti skilyrði reglugerðarinnar og var það notað í framhaldinu. Aðalatriðið var að einfalda hlutina fyrir skipstjóra sem koma til hafnar á Íslandi. Reglugerðin einskorðaðist reyndar við tollaupplýsingar sem þarf að senda yfirvöldum í hverri höfn.

Í greinargerð með lagafrumvarpinu er vísað til reglugerðar nr. 869/2004 en megintilgangurinn með reglugerðinni er að létta skipstjórum vinnuna þegar þeir koma til landsins. Tilgangurinn með framangreindu tilkynningareyðublaði er sá sami. Þetta eyðublað er enn í notkun en sjálfsagt má deila um hvort það er nægilega einfalt.

Er undirrituð afluði upplýsinga vegna fyrirspumar Sigurðar Kára Kristjánssonar kom í ljós að á grundvelli laga nr. 41/2003 um vaktstöð siglinga er verið að vinna að gerð tilkynningareyðublaðs fyrir skip sem koma til landsins en upphaflega krafan um þetta er sögð byggjast á EES-samningnum: XIII. viðauka tilskipun nr. 2002/59/ESB. Siglingastofnun hefur yfirumsjón með gerð þessa tilkynningareyðublaðs og að koma upp nauðsynlegu vefviðmóti fyrir útgerðir og skip sem sigla til landsins. Kallast kerfið safe seanet og hefur þegar verið tekið í notkun í nokkrum ríkjum Evrópusambandsins. Samkvæmt upplýsingum frá Siglingastofnun verður að mestu leyti byggt á tilkynningareyðublaði Landhelgisgæslunnar og er fulltrúi Landhelgisgæslunnar í vinnuhóp sem er að koma þessu kerfi á laggimar. Megintilgangurinn með þessu er að útgerðin geti komið öllum upplýsingum frá sér á einn stað í eitt skipti án þess að þurfa að senda hinum og þessum aðilum tilkynningar. Samt sem áður er fyrst og fremst verið að afla upplýsinga um hafnarkomur, hættuleg efni, áhafnalista, farþegalista og slíkt, en ekki eru teknar með upplýsingar um afla og fleira sem Landhelgisgæslan þarf að fá tilkynningar um vegna fiskveiðieftirlits. Einnig eru tollaupplýsingar, aðrar en þær sem varða olíu og hættuleg efni, undanskildar.

Með framangreindu 19. gr. ákvæði frumvarps til laga um Landhelgisgæslu Íslands er ekki verið að koma í veg fyrir að tilkynningareyðublað Siglingastofnunar á grundvelli laga nr. 41/2003 um vaktstöð siglinga (Safe seanet) verði notað og því síður að tilkynningareyðublað samkvæmt reglugerð nr. 869/2004, um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins verði notað. Hins vegar er opnað fyrir þann möguleika að Landhelgisgæslan finni út aðferð til að sameina allar þessar kröfur í eitt eyðublað því það er Landhelgisgæslan stjórnstöð/vaktstöð siglinga sem hefur bæði tekið á móti þessum upplýsingum og miðlað þeim. Megintilgangurinn hlýtur að vera að einfalda hlutina bæði fyrir skipstjórnara og þá sem taka á móti tilkynningunum. Hitt er annað mál að sjálfsagt er erfitt að gera öllum til hæfis í þessum efnum en Landhelgisgæslan telur einfaldast að hafa hliðsjón af þeirri vinnu sem nú fer fram á vegum Evrópusambandsins, hvað Safe Seanet-kerfið varðar.

Um 1500-1600 tilkynningar berast á hverju ári til stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar/vaktstöðvar siglinga á því tilkynningarformi sem Landhelgisgæslan hannaði. Vandamál hafa verið minniháttar. Tilkynningin er að uppistöðu alþjóðleg en þjóðir gera þó mismunandi kröfur um innihald. Svipaðar kröfur eru þar með gerðar til skipa hvar sem þau koma og ætti það ekki að fæla skip frá því að koma í íslenskar hafnir.

Dagmar Sigurðardóttir  
lögfræðingur/upplýsingafulltrúi  
Landhelgisgæsla Íslands